

Mál nr. 249/2016

**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.**

Skaðabótaábyrgð vegna vatnstjóns 25. júlí 2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 12.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.9.2016, ásamt gögnum, þ.á.m. tjónstilkynning dags. 2.8.2016, tölvupóstur frá X dags. 3.8.2016, skýrsla X dags. 9.9.2016 og leiðbeiningar um hönnunarrennsli skólps og ofanvatns og höfnunarbréf V dags. 5.8.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að flætt hafi upp úr klósetti og niðurföllum í miklu vatnsveðri sem varð 25. júlí sl. í vesturbæ Reykjavíkur. M vísar til þess að vatn hafi flætt um íbúð hans og hann hafi orðið fyrir tjóni á innbúi, innréttingum og rafmagnstækjum auk þess sem hann hafi misst leigutekjur vegna þess tíma sem hann hafi ekki getað leigt íbúðina út. M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og rekur það til þess að frárennsliskerfi hafi ekki virkað sem skyldi. M bendir á að svipaðar aðstæður hafi komið upp í lok árs 2007 og hafi X því átt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þær gætu komið upp aftur.

V vísar til gagna sem aflað var hjá X um hönnun frárennsliskerfis og gagna um úrkomu víðsvegar um borgina. V telur ósannað að eitthvað hafi verið athugavert við hönnun frárennsliskerfis X og ekki hafi verið lögð fram gögn sem sýni fram á hvort og þá hvernig það atvik sem M vísar til í málskoti, tæpum tíu árum áður, átti sér stað og hvaða ráðstafana X hefði átt að grípa til í kjölfarið. Gögn sýni að frárennsliskerfið sé hannað í samræmi við sambærileg slík kerfi annars staðar auk þess sem veður geti verið þannig að úrkoma sé mismunandi milli hverfa í Reykjavík á sama tíma. Ekki hafi því verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð X.

Álit.

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að tjón hans sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar annars beri sönnunarbyrðina fyrir því að atvik eða aðstæður séu með þeim hætti. Í málinu liggur fyrir að úrkoma var mjög mikil á tilteknu svæði í Reykjavík. Það að frárennsliskerfi X ráði ekki við slíkt vatnsmagn á stuttum tíma er leiðir ekki sjálfkrafa til skaðabótaábyrgðar X. Ekki hefur verið sýnt fram á að frárennsliskerfi X hafi verið ranglega hönnuð eða að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi í störfum sínum vegna þeirra aðstæðna sem upp komu. Verður því ekki fallist á að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna vatnstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.